

Samfélagið - verkefni um íþróttir.

1. Orri og Ösp ætluðu að skella sér á körfuboltaleik í Röstinni að fylgjast með meistaraflokki karla í Grindavík keppa í körfubolta. Í Grindavík er rík hefð fyrir íþróttaiðkun.
 - a. Hvaða íþróttir eru í boði í Grindavík?
 - b. Kynnið ykkur hversu löng hefð er fyrir iðkun þeirra.
 - c. Notið leitarvél á vefnum til að kynna ykkur sögu félagsins.
 - d. Búið til kynningarefni, t.d. veggspjald eða glærुकynningu.
2. Þú uppskerð eins og þú sáir segir máltækið og það á svo sannarlega við þegar rætt er um árangur í íþróttum.
 - a. Setjið ykkur í samband við þjálfara í Grindavík og spyrjið þá út í að hvaða þáttum þarf að huga varðandi þjálfun og næringu.
 - b. Fáíð að fylgjast með æfingum hjá elstu félagsmönnum og veltið fyrir ykkur hvað þjálfarinn leggur áherslu á við þjálfunina.
 - c. Ræðið við íþróttamennina og spyrjið þá hvort þeim takist alltaf að vinna úr þeim undirbúningi sem þeir leggja upp með í leikjum. Ef svo er hvað þeir þurfi að gera til að svo verði.
 - d. Nú skulið þið búa til æfingaáætlun fyrir einn mánuð með hliðsjón af þeim þáttum sem skipta máli til að ná árangri í íþróttum.
3. Hreyfing og leikir hafa alltaf verið mannum mikilvægir og flest byggðarlög státa af leikjum sem börnin hafa gjarnan gripið til við leik og störf. Þar má t.d. nefna fallin spýta, brennó, ein króna og yfir.
 - a. Hvaða leiki hafa krakkar í Grindavík stundað?
 - b. Getur verið að það sé tískusveifla í leikjum barna eða þeir vísi í ákveðin tímabil í sögunni?
 - c. Veljið ykkur einn af leikjunum sem hefð er fyrir að nota í Grindavík og fáíð bekkjarfélaga ykkar með í að að prófa hann.
 - d. Takið leikinn upp á myndband og setjið inn á YouTube svo aðrir geti fræðst um hann líka.